



## Ræða flutt eftir samþykkt á flokksþingi Framsóknarmanna um stjórnarslit og nýja möguleika í stöðunni 1956.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Framsókn – Ríkisstjórn – Flokksþing – Stjórnarslit – Ríkisstjórn

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 4-2, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1956

Um þessar mundir spyrja ýmsir, hvort ríkisstjórnin sé búin að segja af sér og hvenær það muni verða. Því er skemst til að svara, að Framsóknarflokkurinn, sem segjist ætla að slíta stjórnarsamvinnunni hefur enn viku eftir ákvörðun sína ekkert tilkynt Sjálfstæðismönnum um hana. Né er heldur vitað, að hann hafi neina tilburði um að koma á nýrri stjórn, sem ætla mátti að hann hefði <sup>haft</sup> á takteinum svo mikið sem yfirlætið var í lok flokksþingsins.

Svo sem á stendur er eðlilegt að Sjálfstæðismenn bíði og sjái hvað setur. En hvað sem um ríkisstjórn verður í bili eru atburðir síðustu viku líklegir til að verða lengi eftirminnilegir í íslenskum stjórnámálum.

Samþykkt flokksþings Framsóknar um að slíta núverandi stjórnarsamstarfi er þó ein út af fyrir sig ekki annað en það, sem við mátti búast af þeim flokki. Atferli hennar í garð samstarfsflokka hennar hefur ætíð verið þessu líkt og var naumast að <sup>vanta</sup> ~~þífa~~ við hegðunarbetrunar að þessu sinni, svo að ekki sé á hugarfarið minst.

Hitt er einstakara, að nú hafa Framsóknarmenn neyðzt til að játa, að innan ríkisstjórnarinnar hefur ekki orðið

ágreiningur um eitt einasta mál, sem að samvinnuslitum gati valdið. Varðandi utanríkismálin má t.d. geta þess, að utanríkisráðherra hefur enn ekki gefið ríkisstjórninni þá skýrslu um þau, er hann hefur hlotið að gefa á flokksþinginu og vantanlega hefur ráðið samþykktum þess í þeim. Formaður Framsóknar drap raunar á það sem merki um djúptækan ágreining, að Sjálfstæðismenn hefðu ekki fengist til þess að veita samvinnufélögunum leyfi til innflutnings skipa eða húsa "nema sérhagsmunamenn fengju hliðstæð leyfi eða starri". Já, víst má segja, að vonska okkar sé mikil að fallast ekki á að banna t.d. Eimskipafélagi Íslands skipakaup en leyfa S.Í.S. umyrðalaust einu að auka flota sinn, eða að banna öllum einstaklingum atvinnuhúsa-byggingar og heimila þar eingöngu S.Í.S. [Fyrir almenning er holt að fá fyrirfram þessa vitneskju um, á hverju þeir eiga von, ef vinstri stjórnin kemst á.

Út yfir tekur þó, að dómi formannsins, sú fúlmenska okkar, að borgarstjórinn í Reykjavík skuli ekki hafa svarað sjö eða átta bréfum þeirra félaga um breytingu á gömlu íshúsi við tjörnina, er Framsóknarmenn langar til að gera að flokksheimili sínu. Þess þarf naumast að geta, að ríkisstjórnin ræður engu um þetta mál, og að á það hefur aldrei verið minnst við okkur hina af Fram-

sóknarmönnum í stjórninni, svo að ég muni.

Þar hefur því til einskis ágreinings um þetta stórmál komið, fremur en hitt, sem raunar skiftir dálítið meira máli: Hvernig skuli bregðast við erfiðleikum atvinnuveganna, sem stafa af upplausnarstarfi kommúnista. Framsóknarmenn hafa beint lýst yfir því, að innan ríkisstjórnarinnar hafi ekkert missætti orðið út af því meginmáli. Þeir hafa og vendilega þagað um sérhugmyndir sínar til lausnar þeim málum í öllum umræðum í almannu áheyrn, bæði á flokksþinginu og annarsstaðar.

Gísli Guðmundsson upplýsti það eitt um efni þessara duldu ráðagerða, að þar sem með þeim ætti að þjarma að Sjálfstæðismönnum, hefði ekki þýtt að ræða þær við þá. En ef um málaefnalegar tillögur er að ræða, hví í ósköpunum að bera þær þá ekki fram og láta stjórnina þá klofna á þeim, í stað þess vandræðafálms, sem menn þurfa nú að horfa upp á?

Af öllu því skrafi verður ekki annað skilið en, að hinni óeigingjörnu sál Hermanns Jónassonar hafi svo ofboðið sérhyggja okkar Sjálfstæðismanna, að verulega yrði að tugta okkur til. Með því móti mundu þeir, er hafa "forystu verka-

vegur, hvort samband  
fengist um þær og ef  
ekki

lyðsins" sjá <sup>"að</sup> réttlætinu væri fullnægt",  
 og að "Framsóknarflokkurinn og Alþýðu-  
 flokkurinn hafa enga minstu tilhneigingu  
 til þess að taka tillit til neins annars  
 en að stjórnað sé í samræmi við hagsmuni  
 hins vinnandi fólks og sé séð um það til  
 fullnustu að það beri eins mikið úr bótum  
 og atvinnuvegirnir geta frekast veitt".

Fjarri sé mér að bera hinum heiðar-  
 lega Hermanni á brýn slíka sérhyggju, sem  
 hann sakar alla Sjálfstæðismenn um. Ég  
 efast og ekki um, að hann mæli af heilum  
 hug, þegar hann telur "réttlætinu full-  
 nægt" með valdatöku þessara tveggja flokka  
 og þar með forsætisráðherradómi sjálfs  
 hans. Um álit þeirra, er Hermann telur  
 hafa "forystu verkalýðsins" á <sup>fullnægjan</sup> réttlætis  
 Hermanns skal ég ekki segja.

með valdatöku

Hitt fullyrði ég, að fyrir liggi  
 dómur verkalýðsins sjálfs um það, hvernig  
 Framsóknarflokknun og Alþýðuflokknun tekst  
 að stjórna í samræmi við hagsmuni hins  
 vinnandi fólks. Sá dómur var kveðinn upp  
 fyrir 19 árum í kosningunum 1937. Fylgis-  
 tap Alþýðuflokksins og vöxtur kommúnista-  
 flokksins annarsvegar og stóraukið fylgi  
 Sjálfstæðismanna í Reykjavík hinsvegar  
 sagði samilega skýrt til um óbeit verka-  
 lýðsins á <sup>hönnun</sup> ~~veggja~~ stjórn Hermanns, Eysteins  
 og Haralds þá. Trúi því, hver sem trú

Um endan komu  
einokun heyranda  
þyngri tæpun tvö  
handrútt á vana kvætt  
Eg gæft í hlafson:

Aftan á gættin Guvula  
gættist yfi man  
ekki vortun hin þörmun  
betri en hin van,

Svo mun ein neyðast,  
ef ~~þessum~~ hin mun  
heitalega og sérhyggjulausa  
þessummi tilert að þessum  
draumgjörin eina að vera -  
leika. Um huga á stand  
sjálfs hæs en þat  
einbeundaði, að metan  
atrin að þessum  
og gættist. Þrátt þyngri  
marast sem mitun þess  
at mesta gættist þjóðhif  
met þessummi þar "á  
laudi þess, þá þess  
þessum sem hann  
sá staddan á systimerkun  
gjörgru". Á þessum gjörgru  
þess þess eflaust þess  
á þessum þess, ef til  
þess þess at þess at  
þessum ein á þess á þess  
stættin þess at þess  
þess hit þess stöf

vill, að stjórn þeirra verði nú tuttugu  
árum síðar úrræðabetri eða þjóðinni til  
meiri gæfu en þá reyndist.

En vissulega ber okkur að verkenna  
hinum heiðarlega og sérhyggjulausa Hermanni,  
sem umfram allt vill bjarga samlöndum sínum  
af þeirri "eyðimerkur-göngu", er hann  
þessur Íslendinga nú vera á, að þurfa enn  
á ný að eta Framsóknarvinum sínum í  
samskonar æfintýri og þegar þeir sátu  
yfir hlut annara í öllum upphugsanlegum  
nefndum og höfðu það <sup>verkefni</sup> ~~stærft~~ að veita þeim,  
er sjálfum þeim þóknaðist leyfi, "sem vel  
hefði mátt úthluta til annarra", eins og  
einhver þeirra komst að orði við þann, er  
hann taldi ekki sýna nóg þakklæti fyrir  
leyfisveitinguna.

Athugasemur yfi  
kvíðin fyrir því að <sup>þessum</sup> ~~þessum~~ þessum þessum at  
veita vildarmönnum sínum margra peninga-  
virði eftir eigin vali, hlýtur að leggjast  
með ofurþunga á svo sérhyggjulausa menn  
sem lærisveina Hermanns Jónassonar. Og  
eflaust eykur það á angurverðina hjá hinni  
heiðarlegu hjörð, að með þessu er alveg  
brotin stefna Framsóknarflokksins eins og  
Tíminn lýsti henni 18. des. 1953:

"Það er stefna Framsóknarflokksins að  
létta hömlum af verzluninni. Frjáls verzlun  
er almenningi hagstæðust, því að þá geta  
samvinnufélögin óhindruð útvegað mönnum

vörur við sannvirði og opinbert eftirlit með verðlagi er þá óþarft."

Það skyldi þó aldrei vera ein skýringin á stefnubreytingu Framsóknar nú, að Samvinnufélögin hafa ekki staðið sig eins vel í samkeppninni eins og vonir stóðu til? Þess vegna sé nú skyndilega söðlað um, frelsið og samkeppnin talin hin háskalegasta sérhyggja en höft, bönn, skömtun, ráð og nefndir óbrigðult vitni heiðarleika og umhyggju fyrir annara hag?

Um ástæðurnar fyrir sinnaskiftum Framsóknar nú má annars lengi ræða og verður eflaust margt talað fram að kosningum.

Eitt er víst, að sá fyrirsláttur, að með atkvæðaverzluninni við Alþýðuflokkinn sé verið að efla verkalýðinn til valda fær ekki staðist. Gott samstarf við verkalýðinn er sannarlega eftirsóknarvert. En atkvæðabrask Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins hefur enga úrslita-þýðingu í þeim efnum. Til þess að fá fylgi meiri hluta verkalýðsins þurfa þessir flokkar annaðhvort að semja við Sjálfstæðisflokkinn eða kommúnista. Einir eru þeir gersamlega máttlausir í verkalýðshreyfingunni. Það er óhjálpsleg staðreynd, sem með engu móti verður umflúin.

(flokksstofur)

Eitt er svo einn annast mál, hvernig stöð er yfirleitt í Alþýðuflokknum eins og eðlilegt standa. Þann vissulega hefur þetta ekkert meirihluta. Þetta er flokkurinn sem hefur verið á milli tveggja flokka og er hann einn af tveimur flokkum sem eru á milli tveggja flokka.

Það er víð og víðja glæmið á þessum, sá hvern eftir að hann hefur verið á milli tveggja flokka og er hann einn af tveimur flokkum sem eru á milli tveggja flokka.

Þegar flokksþing Framsóknar tók ákvörðun sína um samvinnuslitin við Sjálfstæðismenn, var fulltrúunum þó talin trú um, að atkvæðabraskið myndi nægja til að tryggja landinu örugga stjórn á næstu árum. Ýmsum þótti þetta þó alt þýsna veikt og þess vegna var spurt um það oftár en einu sinni, hvort víst væri, að Alþýðuflokkurinn mundi þá standa að þessu samstarfi heill og óskiftur því að slíkt væri óhjákvæmilegt lágmark. Hvort sem nokkur fyrirvari var í svörunum eða ekki, skildu menn þau svo, að á því væri engin vafi, að allir þingmenn flokksins væru með í kaupunum.

En strax í þinglokin varð ljóst, að nokkur vafi hlyti að vera á þessu. Þá barst þinginu bréf frá Alþýðusambandi Íslands, þar sem Alþýðusambandið undir forystu Alþýðuflokksþingmannsins Hannibals Valdemarssonar býður upp á stjórnarsamstarf <sup>annara tegunda</sup> ~~annars~~ eðlis en Framsóknarþingið hafði veriðkallað saman til að samþykkja.

Því samstarfi var hafnað en rétt eftir að flokksþingi Framsóknar var slitið samþykkti Alþýðusambands-stjórnin "að koma á kosninga-samtökum allra þeirra vinstri manna, sem saman vilja standa á grundvelli stefnuyflirlýsingar Alþýðusambandsins".



Þessi ákvörðun var alt annars eðlis en samþyktirnar um samvinnu fjögurra stjórn-  
málaflokka, sem kommúnistar hafa gint fá-  
menna fundi í ýmsum verkalyðsfélögum til  
að gera að undanfögnu. Þær samþyktir voru  
að vísu utan verksviðs verkalyðsfélaganna,  
en eru þó svipur hjá sjón, þegar sjálft  
Alþýðusambandið er skyndilega og heimilar-  
laust gert að stjórnmalaflokki.

Að vísu er vitað, að eitthvert makk  
um slíkar tiltektir hefur átt sér stað  
hér innanlands um nokkra hríð. ~~að undan-  
fögnu~~. Sá dularhjúpur var ein af þeim  
flíkum, sem kommúnistar hér hafa verið  
að efna sér til að undanfögnu.

Margt bendir þó til, að sjálf hafi  
fullnaðar-ákvörðunin verið tekin mjög af  
skyndingu og alls ekki fyrr en í síðustu  
viku.

Samningarnir um atkvæðabrásk  
Alþýðuflokks og Framsóknar eru búnir að  
standa í marga mánuði. Framsóknarþingið  
er beint kvatt saman til að gjalda þeim  
jáyrði.

Ákaflega er hæpið, að Alþýðuflokks-  
þingmennirnir hefðu látið leiðast út í  
þessa verzlun, ef þeir hefðu ekki talið  
að út á við yrði samábyrgð þeirra á milli  
um svo ógeðslega ráðstöfun á helgustu  
réttindum skjólstaðinga þeirra. Vitað er

og, að fulltrúarnir á Framsóknarþinginu töldu kaupin ná til allra Alþýðuflokksþingmannanna.

Örfáum dögum áður en Hannibal tekur ákvörðunina um sérframboð Alþýðusambandsins lætur hann taka mynd af sér ásamt hinum fimm þingmönnum Alþýðuflokksins og birta hana af tilefni 40 ára afmælis Alþýðuflokksins daginn áður en úrslita-ákvörðunin var tekin. Um sömu mundir felst hann á að verða málssvari flokksins í útvarpsumræðum, sem eru svo haldnar fáeinum mínútum eftir, að útvarpið skýrir frá því í fréttum, að Alþýðusambandið hafi ákveðið sérframboð.

Víst veit ég, að í stjórnmálabaráttunni hér eru menn ýmsu vanir. Það kald-lynda blygðunarleysi, sem lýsir sér í því, ef Hannibal Valdemarsson hefur allan tímann verið ákveðinn í að fara svo fram sem raun varð á, er þó nokkurn veginn eða alveg einstakt.

En hér koma og fleiri atvik til.

Í sömu viku og flokksþing Framsóknar hófst komu þeir austan frá Moskva af flokksþingi kommúnista þar, Kristinn Andrésen og Eggert Þorbjarnarson.

Á því þingi áttu sér stað ömurlegri uppljóstranir um eðli og starf kommúnistaflokksins í Rússlandi en nokkurn hafði órað fyrir.

Stalin, sem áður var af formanni flokksfélags kommúnista hér í bæ talinn "fremsti leiðtogi hins vísindalega sósíalisma á vorum dögum", og því á lofti haldið "að söknuður hafi vætt nálega hverja brá við hinn svíplega dauða hans" og þess minst, "hvílík gæfa það er að hafa verið uppi samtímis þvílíkum manni", þessi sami Stalin sem þetta og ótal margt annað ámóta spaklegt var sagt um, er nú skyndilega yfirlýstur bloðidrifinn múg-morðingi. Lýsingarnar á atferli hans eru svo hroðalegar að ekkert það, sem við, er harðast höfum gagnrýnt kommúnista hér á landi höfum á þá borið kemst í hálfkvísta við það, sem nú er fullyrt að séu óbrigðul sannindi.

Hvort sem það er rétt, að Kristinn og Eggert hafi verið í hópi þeirra þrjátíu, sem sagt er að hafi liðið yfir, þegar Kruttsjev les skýrslu sína, hlýtur þeim að hafa verið efni hennar kunnugt er þeir fóru heim til Íslands vegna þess að það barst strax út um alla Moskva, eða þeim hefúr ekki verið boðið á leynifundinn.

Þegar þeir félagar komu til landsins vissu Íslendingar alment hinsvegar enn ekki um þessi ógnar tíðindi þótt heyrst hefði, að Stalin hefði orðið nokkru endurmati á Moskva-fundinum. Gagnvart almenningi var hvarvetna um þetta þagað þangað til í viku-

lokin síðustu, og jafnvel á sunnudaginn segir Þjóðviljinn, að hér sé um kvik-sögur einar að ræða. Kommúnistaforingjarnir hér höfðu þess vegna 10-12 daga til að átta sig og undirbúa viðbrögð sín frá því, að Moskva-fararnir komu heim og þangað til fordæming flokks þeirra hlaut að verða almenningi ljós.

Á þessu tímabili ber það við, að kommúnistaflokkurinn ákveður að breiða yfir nafn og númer og bjóða alls-ekki fram undir eigin nafni við næstu kosningar.

Bæði Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum gersamlega að óvörum ákveður Hannibal Valdemarsson að taka þátt í þessari <sup>Bessinni</sup> ~~svikabrellu~~ svikabrellu, sem um getur í íslenskum stjórnámálum.

Hér hefur vissulega þótt mikið við liggja og ákvarðanir því verið teknar skyndilega. Auðvitað hefur sumt af því, sem nú er komið fram, verið undirbúið áður, en þá sennilega aðeins sem einn möguleiki af fleirum, er sést af því, að úr því að kommúnistar höfðu slík tök á Hannibal Valdemarssyni sem raun er á orðin, ber þess að gata hversu mikið gagn hann gat unnið þeim sem áframhaldandi flugumaður innan Alþýðuflokksins.

Ofsnemt er enn að fullyrða um hið innra samband alls, sem gerst hefur. Ég læt mér þess vegna nægja að benda á atburðaröðina og verður svo hver að hafa þá skýringu, sem honum þykir sennilegust.

Um svika-tilgang kommúnista með þessum brellum nægir að vísa til þess, að á sjálfu stofnþingi Sameiningarflokks alþýðu, sósíalístaflokksins 1938 var samþykkt að breyta þyrfti vinnulöggjöfinni í þá átt

"að skapa verkalýðnum meiri réttindi og samband verkalýðsfélaganna sé fagsamband óháð pólitískum flokkum".

Eðvard Sigurðsson segir í samræmi við þetta en algeru ósamræmi við staðreyndirnar í Þjóðviljanum 16. þ.m. um framboð Alþýðusambandsins:

"Með þessu er auðvitað ekki verið að gera Alþýðusambandið að pólitískum flokki eða verkalýðsfélögin að stjórn-málafélögum ....."

Daginn eftir eru þessi samtök svo í Þjóðviljanum stórum stöfum kölluð

"Kosningaflokkur allra vinstri manna".

Þeir menn, sem svo haga sér, eru vissulega slegnir örvæntingu og láta einskis ófreistað sjálfum sér til bjargar, svo sem m.a. kemur fram í því, að ákveðið er að aðalforingi flokksins Brynjólfur Bjarnason bjóði sig ekki fram til að gefa

Þessu öllu sennilegri svip. Enn er þó glöggð hvað þeir vilja, þó að jafnframt er hiklaust lýst yfir því, að ef flokksstofnunin beri ekki tilætlaðan árangur muni nýrri verkfallsöldu hleypt yfir landið. [Ef svikin duga ekki skal upplausninni náð með ofbeldinu.] Hlutur Hannibals Valdemarssonar sýnir, hvernig fer fyrir þeim, sem ganga kommúnistum á hönd. Þeir láta leiða sig til hvers óhafuverksins á fatur öðru og áður en varir hafa þeir brugðist sjálfum sér og trúnaði þeirra, er settu á þá traust sitt. [Hannibal kynni þó að hafa gert nokkurt gagn, ef fordami hans yrði öðrum til viðvörunar. Hann var á sínum tíma harðskeyttur andstæðingur kommúnista. En andúðin á hinna heilbrigðu stefnu frelsis og framtaks, sem við Sjálfstæðismenn aðhyllumst en Hermann hinn heiðarlegi hefur nú fengið flokksbræður sína til að snúa baki við vegna fjandskapar hans og þeirra við sérhyggju okkar, þessi andúð ásamt þeirri sannfæringu, að réttlætinu yrði ekki fullnægt nema sjálfur hefði hann ærin völd, hefur nú leitt Hannibal stig af stigi í klær kommúnismans.

Svo fer fyrir öllum þeim, er loka augunum fyrir megin-meinsemd íslenzks þjóðlífs í dag, þeirri, að kommúnistar beita völdum sínum í verkalyðs-

hreyfingunni verkamönnum sjálfum til tjóns en hinum blóði-drifnu marg-úreltu kenningum hins "vísindalega sósíalisma" til framdráttar. Hættan, sem þessi sundur-  
limunar starfsemi kommúnista færir yfir íslenzkt þjóðfélag er svo geigvanleg, að hjá henni bliknar allur annar ágreiningur okkar.

Það, sem gerir að verkum, að ég sagði að atburðir síðustu viku mundu lengi verða eftirminnilegir, var þessvegna út af fyrir sig hvorki það, að Framsókn ákvað að segja sundur samvinnunni við Sjálfstæðismenn né hitt, að Hannibal Valdemarsson ákvað að beita sér fyrir stofnun nýs flokks.

Hið eftirminnilega er, hvílíkt algert skilningsleysi á hin raunverulegu viðfangsefni í íslenskum stjórnámálum lýsti sér í samþykktum Framsóknarflokksins. Hin hörmulega blinda, sem slegið hefur þessa stjórnvönu menn, kemur m.a. fram í Tímanum í dag, þegar blaðið segir í umvöndunar-tón:

"Sjálfstæðisflokkurinn virðist hinsvegar álíta, að nægilegt sé að samþykkja einhverjartillögur í Stjórnarráðinu".

Stærsti flokkur landsins gerir vissulega ekki lítið úr nauðsyn almenningsfylgis, en hitt skal játað, að enn trúum

við því, að land skuli með lögum byggja og þjóðinni sé ekkert hættulegra en ef ofbeldi á að koma í stað réttarins. Þá er ekki síður eftirminnileg hin nýja sókn kommúnismans á hendur þjóðinni í dulargerfinu, sem Alþýðusambandið er látið leggja til.

En einmitt vegna þess, að alt ber þetta, ásamt samningunum um atkvæðabrásk Framsóknar og Alþýðuflokks að höndum svo að segja samtímis, hlýtur það að vekja marga, er áður hafa fylgt þessum flokkum og úrræðaleytingjunum í Þjóðvörn, til umhugsunar um, að við svo búið má ekki standa. Hin fámenna íslenska þjóð þolir ekki allan þann glundroða, ófarnað og sundurlyndi, sem hér er stefnt til.

Þess vegna munu æ fleiri og fleiri kjósendur ákveða að ganga í sterkasta bandalagið, það bandalag, sem eitt megnar að forða þjóðinni frá bráðri ógæfu og tryggja áframhaldandi framfarir, bandalag kjósenda úr öllum flokkum við Sjálfstæðisflokkinn. Styrkleikur þess mun koma mörgum á óvart þegar talið verður upp úr atkvæðakössunum á vori komanda.